



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

FÓHE3AU03

Fóðrun og heilsa IV

Kennari:	Johannes Amplatz (JOA) johannes@fsu.is Óskar Guðbjörn Jónsson (OGJ) oskar@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu atriði sem hafa ber í huga við almennt hestahald. Hluti námskeiðsins fer fram í hesthúsum nemenda þar sem nemendur eru látnir bera ábyrgð á fóðrun og umhirðu hesta sinna. Úttekt fer fram í byrjun og lok námskeiðs en nemandi heldur skráningu á þjálfun og umhirðu hesta sinna og skilar skýrslu í námskeiðslok. Í áfanganum er farið yfir helstu reglugerðir um hestahald og aðbúnað hesta. Farið er í skipulag í hesthúsi, s.s. stústærð, vinnuplássi, viðrunargerði, kaffistofu, fóður- og hnakkageymslu og helstu grunnatriði varðandi loftræstingu og lýsingu. Jafnframt er farið yfir helstu atriði er lúta að hestum í haga, mat á landi, skiptingu stóðs, girðingar, fóðrun og skjól og einnig helstu þætti er varða hrossarækt, uppeldi unghrossa og stóðhestahald. Nemendum eru kynnt öryggisatriði og helstu reglur varðandi hestakerrur og flutning á hrossum.

Undanfari: FÓHE2FU05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- reglum varðandi hestahald
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi og í haga
- mikilvægi beitarstjórnar og mati á beitarálagi
- fóðrun hrossa á húsi og á útigangi
- mismunandi gerðum girðinga
- reglum varðandi girðingar á hrossahólfum
- reglum varðandi hesthús og umgjörð hesthúss
- helstu atriði er hafa ber í huga við skipulag á hesthúsi

- hvernig haga skuli geymslu á fódri
- helstu atriði er varða loftskipti í hesthúsi
- helstu atriði er varða lýsingu í hesthúsi
- umhverfi hesthúss og gerði
- helstu atriði er varða hrossarækt, uppeldi unghrossa og stóðhestahald.
- helstur reglum og öryggisatriðum hvað varðar hestakerrur og flutning á hrossum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hugsa rétt um hesta, fódra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði
- gera umhverfi hestsins hestvænt
- meta gæði hesthúss
- halda hesthúsi með jöfnu hitastigi, hreinu og vel loftræstu
- setja upp aðstöðu í hesthúsi þannig að vel fari um menn og hross
- útiloka allar hættur eða slysgildrur sem kunna að skapast í illa hönnuðum hesthúsum
- halda gerði og ytra umhverfi hesthús í sómasamlegu ásigkomulagi
- setja upp algengustu gerðir af girðingum og viðhalda þeim
- meta ástand beitarhólfa
- skipt upp stóði eftir fódurþörf hrossa og virðingastigi
- flutt hross milli staða á öruggan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta borið ábyrgð á umhirðu hrossa í hans umsjá.
- geta haldið hesta og fódrað þá við mismunandi skilyrði í samræmi við gildandi reglugerðir og lög hverju sinni

- meta beit og beitarálag
- fódra hross eftir fóduráætlun
- gera umhverfi hestsins hestvænt
- ala upp ung hross
- hafa umsjón með stóðhesti
- flytja hross á milli staða á öruggan hátt

Námsefni:

Gögn frá kennara á Innu

Námsmat:

Verkefni: Nemendahestur	15%
Verkefni: Litaerfðir	10%
Próf: Búfjárrækt	15%
Námsmat hjá OGJ (virkni og verkefni)	25%
Verkefni: Úttekt á aðstöðu	10%
Mæting	10%
Frammistaða og virkni	15%

Sérreglur áfangans:

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Mætingu og frammistöðu“.

Mæting og frammistaða: Hér er metið hvernig mæting, frammistaða og virkni nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, o.s.frv..

ATH: Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
1	05.-06.01.	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs	JOA
2	09.-13.01.	Búfjárrækt, inngangur	JOA
3	16.-20.01.	Búfjárrækt, erfðir og litaerfðir	JOA
4	23.-27.01.	Búfjárrækt, erfðir og litaerfðir Úttekt á nemendahesti	JOA
5	30.01.-03.02	Búfjárrækt, kynbótadómar	JOA
6	06.-10.02.	Búfjárrækt, kynbótadómar	JOA
7	13.-17.02.	Próf: Búfjárrækt	JOA
8	20.-24.02.	Meðhöndlun hesta í flutningum, akstur með kerru 20.02. Verkefnadagur	
9	27.02.-04.03.	01.-02.03. Kátir dagar 03.03. Flóafár	JOA
10	06.-10.03.	Hesthús, umhverfi, skipulag og stærðir, reglugerðir	OGJ
11	13.-17.03.	Hesthús, umhverfi, skipulag og stærðir, reglugerðir Úttekt á nemendahesti	OGJ
12	20.-24.03.	Teikningar og uppdrættir, æfingar með mælikvarða	OGJ
13	27.-31.03.	Hesthús og umhverfi, upprifjun/lokaverkefni	OGJ
14	03.-07.04.	03.-07.04. Páskafri	
15	10.-14.04.	10.-11.04. Páskafri Úttekt á aðstöðu	JOA
16	17.-21.04.	20.04. Sumardagurinn fyrsti	
17	24.-28.04.	Vettvangsferð: Girðingar og girðingaefni Lokaúttekt á nemendahesti	JOA
18	01.-05.05.	Vettvangsferð: Hrossarækt, uppeldi unghrossa og stóðhestahald, girðingar, skjól, útigang 01.05. Frídagur verkalýðsins	JOA